

REGLUGERÐ

um hámarksfjölda leigubifreiða á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til félagssvæðis Vörubílstjórafélagsins Múla, Dalvík, en það nær yfir Ólafsfjarðarkaupstað, Dalvíkurhrepp, Svarfaðardalshrepp og Árskógshrepp.

2. gr.

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15. Þó skal í engu skerða atvinnuréttindi þeirra manna, sem á lögmaetan hátt stunda leigubílaakstur til vöruflutninga á félagssvæðinu, sbr. 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar. Þessa tölu má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubílstjórafélagsins Múla, bæjarstjórnar Ólafsfjarðarkaupstaðar og sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu. Enn fremur skal leita umsagnar samningsbundinna atvinnurekenda á félagssvæðinu.

3. gr.

Öllum er óheimilt að stunda leiguakstur á vörubifreiðum á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla á Dalvík utan þeirrar stöðvar.

Leiguakstur telst það, þegar vörubifreið er seld á leigu ásamt öikumanni til flutninga á vörum fyrir tiltekið gjald, þar sem ökumaður eða eigandi bifreiðarinnar er hvorki eigandi, seljandi né kaupandi vörunnar, sem flutt er.

Vörubifreiðar, sem aka frá stöðinni, skulu auðkenndar árlega með sérstöku merki.

4. gr.

Tvisvar á ári, þ. e. í aprilmánuði og októbermánuði, veitir Vörubílstjórafélagið Múli viðtöku nýjum umsóknum um afgreiðslu fyrir vörubifreiðar á stöð félagssins. Skal þá bæta við þeim fjölda vörubifreiða á stöðina, er nægir til þess að fylla hámarkstöluna 15. Gildar umsóknir skulu teknar til greina aðallega eftir biðtímalengd og tímaröð, án tillits til þess hvar á félagssvæðinu umsækjendur eru búsettir, uns framangreindu marki er náð.

5. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem blut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 21. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Kristinn Gunnarsson.